

Mál nr. 185/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækja: (A).

Sönnun tjónsatviks. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V móttakið 27. júní 2025 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 9. október 2021, orðið fyrir líkamsmeiðslum við akstur á vélhjólinu A. Hafi slysið atvikast með þeim hætti að M ók óvænt í holu og snarhemplaði með þeim afleiðingum að hann hlaut högg á vinstri hendi. Ekkert tjón hafi orðið á A og því ekki tilefni til að tilkynna um atvikið vegna þess.

Hafi M leitað á heilsugæslu daginn eftir vegna einkenna sinna. Þar sem einkenni hafi ekki gengið til baka hafi M gengist undir myndrannsókni 13. apríl 2022 og aðgerð vegna brots á bátsbeini hinn 31. janúar 2023. Hinn 2. september 2024 hafi V hafnað bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A á grundvelli þess að ósannað væri að slysið hefði átt sér stað auk þess sem tilkynningarfrestur vegna þess hafi verið liðinn þegar tjónstilkynning barst V.

M mótmælir afstöðu V og vísar til fyrirliggjandi læknisfræðilegra gagna þar sem finna megi lýsingu á slysinu. Þess utan liggi fyrir yfirlýsing X, sem hafi verið með M er slysið átti sér stað. Vísar M til fordæma Hæstaréttar í málum 10/2015 og 228/2013 því til stuðnings að það sé nægilega sannað að M hafi orðið fyrir ofangreindu slysi í október 2021. Hvað varði tilkynningarfrest þá byggi V á því að tilkynning hafi fyrst borist því hinn 14. mars 2024. Geti M ekki fallist á það enda hafi V fyrst verið tilkynnt um slysið hinn 24. ágúst 2023. Þar sem M hafi þá verið undir lögaldri hafi móðir hans sent þá tilkynningu, en hún hafi vegna misskilning í samskiptum við heilsugæsluna talið að slysið hefði átt sér stað í ágúst 2021. Þegar M náði lögaldri hafi ný tjónstilkynning, dags. 12. júní 2024, verið send. Hún hafi verið efnislega samhljóða fyrri tjónstilkynningu og því verði að byggja á því að V hafi fengið vitneskju um slysið í ágúst 2023. Byggi M þá á því að hann hafi ekki haft vitneskju um atvik þau sem krafa hans byggir á meira en einu ári fyrir tilkynningu. Verði ekki miðað við slysdag sem slíkan heldur það tímamark sem slík vitneskja er til staðar og afleiðingar slyss eru kunnar. Hafi V ekki með neinum hætti sýnt fram á að það hafi verið meira en ári fyrir tilkynningu til þess. Krefst M því fullra bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að mikil óreiða sé um tímasetningu slyssins og telji V ósannað hvort, hvernig og hvenær slys hafi átt sér stað. Af læknisfræðilegum gögnum megi ráða að hinn 10. október 2021 hafi M leitað til læknis og í nótu vegna þeirrar komu sé þess getið að M hafi verið á krossara og fengið högg á vinstri lófa. Ekki komi fram hvenær meint slys hafi átt sér stað eða með hvaða hætti. Hafi M þá ekki verið greindur með brot í bátsbeini á þeim tíma. Hafi M í kjölfarið átt nokkrar komur á sjúkrahús, en allar vegna óskyldra atriða. Það sé ekki fyrr en í mars/apríl 2022 sem fram komi í sjúkragögnum að M hafi snarhemplað og fengið högg á úlnlið. Hafi þá greinst ótilfært brot á bátsbeini vinstri handar. Engin sýnileg ákoma sé á A og því lítið um gögn sem hleypi stöðum undir frásögn M af atvikum. Framburður hins meinta vitnis X hafi þá ekki komið fram fyrr en þremur árum eftir meint atvik. Vegna komu M til læknis hinn 27. júní 2022 sé ritað í sjúkraskrá að óþægindi M hafi horfið en tekið sig aftur upp þá um vorið þegar M byrjaði aftur í mótorkrossi. Hafi M brotið bátsbein við atvikið fái V ekki séð hvernig það brot hafi fyrst greinst fimm mánuðum eftir meint atvik. Sé því ekki sýnt fram á hvenær slysið hafi átt sér stað, með hvaða hætti og hvaða afleiðingar hafi hlotist af því. Þess utan telji V að tilkynningarfrestur vegna slyssins hafi verið liðinn þegar tilkynning barst því í mars 2024. Fyrri tilkynning, dags. 29. ágúst 2023, þar sem m.a. komi fram að slys M hafi átt sér stað 12. ágúst 2021, en ekki í október það ár, sé haldin þvílíkum annmörkum að hún hafi ekki uppfyllt skilyrði um sannanlega tilkynningu. V telji rétt að miða upphaf tilkynningarfrests við árslok 2021 og hafi hann því verið liðinn er tilkynning barst því.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu í fyrsta lagi á um það hvort sýnt sé fram á að M hafi hinn 9. október 2021 orðið fyrir slysi sem bótaskyldt sé úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A. Hins vegar snýr ágreiningur aðila að því hvort tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 hafi verið liðinn er V barst krafa hans.

Hvað fyrra atriðið varðar þá liggur fyrir að M leitaði á bráðamóttöku heilsugæslu 10. október 2021, þ.e. daginn eftir slysdag. Í samskiptaseðli vegna þeirrar komu kemur m.a. fram að M hafi verið á krossara, farið ofan í holu og fengið högg á vinstri hendi. Í kjölfarið var tekin röntgenmynd en niðurstaða skoðunar á henni var „get ekki greint augljóst brot. Erfitt að meta m.t.t. vaxtalína“. Var M greindur með tognun á úlnlið. Hinn 31. mars 2022 hafði M samband við heilsugæsluna og kvartaði þá undan því að hann hefði ekki jafnað sig almennilega og ætti erfitt með að nota höndina. Í kjölfar þess var framkvæmd segulómun sem leiddi m.a. í ljós brot á bátsbeini. Í framhaldi þess var M vísað til handaskurðlæknis og hinn 31. janúar 2023 gekkst M undir aðgerð vegna brotsins. Að mati nefndarinnar er ekkert í læknisfræðilegum gögnum sem veldur vafa um það að umrætt beinbrot hafi getað atvikast með þeim hætti og á þeim degi sem byggt er á í málskoti. Er þá lýsing í málskoti í samræmi við þá atvikalýsingu sem fram kom við komu M á heilsugæslu daginn eftir slysið. Eftir því sem nefndin kemst næst er þá einhver hætta á því að brot í bátsbeini sé ranglega greint sem tognun eða sinaskeiðabólga og svo virðist sem greining röntgenmyndar sem tekin var daginn eftir slysið hafi ekki leitt til afdráttarlausrar niðurstöðu, enda virðist sem erfitt hafi verið að ráða úr henni. Er það af öllu framansögðu mat nefndarinnar að nægilega sé sýnt fram á að slys það sem leiddi til brots á bátsbeini í vinstri hönd M hafi atvikast með þeim hætti sem lýst er í málskoti.

Kemur þá til skoðunar hvort M hafi gert kröfu um bætur innan þess frests sem lög kveða á um. Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. Verður að meta ráðrúm tjónþola í þeim efnum í ljósi atvika hverju sinni.

Fyrir liggur að móðir M sendi V hinn 29. ágúst 2023 tilkynningu um umferðarslys M. Voru afleiðingar þess slyss sagðar vera brotið bátsbein í vinstri hönd, en slysdagur var sagður vera hinn 12. ágúst 2021. V sendi í kjölfarið sérstaka fyrirspurn til lögmanns M varðandi það hvort um rétta dagsetningu væri að ræða og verður ekki betur séð en að sá skilningur hafi verið staðfestur. Af sjúkraskrá M má ráða að hann hafi orðið fyrir nokkrum slysum á undanförmum árum og að hann hafi leitað á heilsugæslu þann dag vegna afleiðinga annars slyss. Verður því að telja að um skiljanleg mistök móður hans hafi verið að ræða. Hins vegar verður að fallast á það með V að sú tilkynning sem send var hinn 29. ágúst 2023 hafi ekki fullnægt þeim skilyrðum sem gera verði til tilkynningar um slysið sem M varð fyrir 9. október 2021. Er þá einnig litið til þess að M hefur einnig gert kröfu um bætur vegna annars slyss, sem ekki er til skoðunar nefndarinnar, og því enn mikilvægara en ella að gæta nákvæmni við tjónstilkynningu. Verður því að fallast á rök V í þessum efnum og miða við að krafa um bætur hafi fyrst borist V með matsbeiðni dags. 14. mars 2024 en henni var fylgt eftir með tjónstilkynningu dags. 12. júní 2024.

Kemur þá til skoðunar hvort sú tilkynning hafi verið of seint fram komin. Eins og áður segir gekkst M undir aðgerð hinn 31. janúar 2023. Verður að mati nefndarinnar að ætla tjónþolum nokkurn tíma í kjölfar aðgerðar til að átta sig á því hvort afleiðingar séu varanlegar. Í kjölfar aðgerðarinnar sótti hann þjónustu göngudeildar bæklunarskurðlækninga, m.a. vegna sjúkrapjálfunar. Í nótu vegna komu M á göngudeild hinn 19. maí 2023 kemur m.a. fram að lítið sé að gerast í gróanda, en að læknar vilji „lata reyna á þetta“ og að M eigi að koma í klínískt mat í ágúst til að meta gróanda. Fékk hann þá ýmsar leiðbeiningar og kennslu um æfingar hjá sjúkrapjálfa. Verður að telja að á þessu tíma hafi ekki verið ljóst hvort einkenni M kæmu til með að verða varanleg enda var fyrirhugað endurmat á gróanda í ágúst 2023. Slíkt endurmat fór fram 15. ágúst 2023. Af framangreindu, og með hliðsjón af öllum atvikum þess máls, er það mat nefndarinnar að M hafi ekki verið ljóst um atvik að baki kröfu sinni fyrr en í ágúst 2023, enda var hann til þess tíma undir reglulegu mati lækna sem virðast hafa haft væntingar um frekari bata. Var tilkynningarfrestur 1. gr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga því ekki liðinn er V barst tilkynning um tjón hans hinn 14. mars 2024.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 14. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir